

Ábyrgðaraðild: "Þórður Sveinsson (1772)"

1 **Vers við hjónavígslu**
[Vers við hjónavígslu. 1796.]

Útgáfustaður og -ár: Leirárgarðar, e.t.v. 1796

Tengt nafn: Þórður Sveinsson (1772)

Tengt nafn: Kristín Magnúsdóttir (1756)

Varðveislusaga: Þórarinn Sveinsson bókbindari segir m. a. svo frá um brúðkaup Þórðar, bróður síns, og Kristínar Magnúsdóttur, haldið að Leirá 26. október 1796: „Voru prentuð á þremur blöðum í 4to vers, sem áttu að syngjast við hjónavígsluna. Voru það Te deum: Þér mikli guð sé mesti prís. Sálmurinn 187: Oss ber kristnum orku neyta, og versin fyrir og eptir vígsluna, en báðum var þeim talsvert um breytt, er þau komu í sálmabókina. Átti Skagfjörð að vera fyrir söngnum, því hann var aðgæða söngmaður, og átti að brúka tvísöng, þar því varð komið við, og danskar vísur: kvennaskálin: Skaparinn leit þá nýsköpuðu jörðu eptir Baggesen; ölvísan: Vínber spretta á vorri jörðu eptir Fallesen og Bóndabragur: Eg er svo frór, eg er svo hýr eptir Thaarup; áttu þær að syngjast yfir ölföngunum, og voru prentaðar á smá blöð, og útbýttast svo til söngvaranna.“ Ekkert eintak er nú þekkt.

Efnisorð: Bókmenntir ; Kveðskapur / Kvæði ; Tækifæriskvæði

Bókfræði: Ævisögubrot Þórarins bókbindara Sveinssonar, Blanda 2 (1921-1923), 339.